

Mánudaginn 14. janúar 1985.

Nr. 57/1983. **Róbert Sverrisson**
 gegn
Sigríði Einarsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Róbert Sverrisson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 15. janúar 1985.

Nr. 196/1982. **Guðjón Ómar Hauksson**
 (Jón G. Briem, hdl.)
 gegn
Jóni Gunnari Zoëga
 (Brynjólfur Kjartansson, hrl.)

Uppboð. Uppboðsheimild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1982. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang uppboðs á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík. Þá krefst hann „málkostnaðar úr hendi stefnda.“

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að fallið væri frá þeirri málsástæðu, að gjaldfelling handhafaveðskuldabréfanna, sem málið snýst um, hafi verið óheimil, vegna þess að hann hefði ekki fengið tilkynningar um greiðslustað í tæka tíð.

Því var einnig lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að ekki væri tölulegur ágreiningur í málinu né ágreiningur um aðild.

Ekki verður ráðið með vissu af óskilríkum bókunum í uppboðsbók, að slíkir annmarkar hafi verið á meðferð uppboðsmálsins, að ómerkja eigi málsmeðferðina sjálfkrafa.

Eins og málið hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, þarf ekki að taka sérstaklega til athugunar, hvort áfrýjandi hafi dregið um skör fram að hafa uppi mótmæli sín við því, að kröfur stefnda væru í gjalddaga fallnar, en þau hafði hann fyrst uppi á hinu síðara sölubingi, sem fram fór að kröfu hans 9. júní 1982. Var þá löngu liðinn sá frestur, sem bjóðendur á fyrra uppboði voru bundnir við boð sín samkvæmt uppboðsskilmálum.

Ekki verður á það fallist með áfrýjanda, að nauðsynlegt hafi verið að skírskota í veðskuldabréfunum til 39. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 til þess, að uppboðskrafa stefnda nái fram að ganga.

Veðskuldabréfin eru ekki afborganabréf, heldur er skuld samkvæmt hverju bréfi öll gjaldkræf á ákveðnum gjalddaga. Ákvæðið í bréfunum sjálfum um heimild til gjaldfellingar og nauðungarsölu, ef ekki sé staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta, væri þýðingarlaust, ef skuldin yrði ekki gjaldkræf við greiðslufall vaxta. Gjaldfelling veðskuldabréfanna var því heimil, og ber samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að staðfesta þá ákvörðun uppboðshaldara að halda hið umbeðna annað og síðara uppboð á eigninni Háholti 22 í Keflavík.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hið umbeðna annað og síðara nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík, eign áfrýjanda, Guðjóns Ómars Haukssonar, skal fara fram.

Áfrýjandi greiði stefnda, Jóni Gunnari Zoëga, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og
Sigurgeirs Jónssonar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, fór stefndi þess á leit með bréfi til bæjarfógetans í Keflavík 1. desember 1981, að fasteignin nr. 22 við Háholt þar í bæ yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt meðfylgjandi sex veðskuldabréfum, útgefnum 1. júlí 1978 af áfrýjanda, samtals að fjárhæð 55.868,80 krónur, tryggðum með 4. veðrétti í nefndri eign. Málið var tekið fyrir í uppboðsrétti Keflavíkur 26. febrúar 1982. Þá lagði uppboðshaldari m.a. fram áðurnefnda uppboðsbeiðni og veðskuldabréfin og enn fremur uppboðsbeiðni frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt ljósriti af skuldabréfi. Síðan er bókað í þingbók: „Af hálfu uppboðsbeiðanda er mættur Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. v/Tryggingastofnunar ríkisins. Af hálfu uppboðspola mætir enginn. Samkomulag var um að fresta uppboði þessu til 26.3.'82 kl. 14.00“

Samkvæmt því, sem nú er rakið, var ekki sótt þing af hálfu stefnda (uppboðsbeiðanda í héraði), þegar málið var tekið fyrir í fyrsta sinn í uppboðsréttinum og forföllum ekki lýst. Var málatilbúnaður stefnda af þessum sökum ónýtur, og bar uppboðshaldara að fella málið niður að því er hann varðaði samkvæmt 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 118 og 223. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins var á þessu dómþingi, eins og fyrr greinir, lögð fram uppboðsbeiðni ásamt ljósriti af veðskuldabréfi. Samkvæmt 6. gr. uppboðslaga skal veðskuldabréfið fylgja uppboðsbeiðni, þegar uppboðs er beiðst með heimild í veðskuldabréfi. Ljósrit veðskuldabréfs var því ekki gild uppboðsheimild, sem krefjast mætti uppboðs eftir á grundvelli uppboðsundirbúnings þess, er fram hafði farið að kröfu stefnda. Bar uppboðshaldara því að fella uppboðsmálið niður.

Með vísan til þessa teljum við, að ómerkja beri meðferð uppboðsmálsins í héraði og hinn áfrýjaða úrskurð og synja um framgang uppboðsins.

Við teljum eftir atvikum rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Þar sem þessi niðurstaða hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda Hæstaréttar í þessu máli, ber okkur samkvæmt 53. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, erum við samþykkir niðurstöðu þess.

Úrskurður uppboðsréttar Keflavíkur 10. september 1982.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 24. þ.m., gerir gerðarbeiðandi, Jón Gunnar Zoëga hdl., Garðarstræti 3, Reykjavík, þá réttarkröfu, að fram fari nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík, þinglýstri eign gerðarþola, Guðjóns Ómars Haukssonar, samkvæmt 6 veðskuldabréfum, útgefnum 1. júlí 1978, til lúkningar á veðskuldum samkvæmt bréfunum að fjárhæð kr. 55.868,80 auk vaxta, dráttarvaxta, innheimtubóknunar og útlagðs kostnaðar. Þá gerir gerðarbeiðandi einnig kröfu um málskostnað úr hendi gerðarþola. Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um framgang uppboðs á Háholti 22 í Keflavík. Hann gerir ekki kröfu um málskostnað.

Með uppboðsbeiðni, dagsettri 1. desember 1981, krafðist Jón Gunnar Zoëga hdl. þess, að fasteignin Háholt 22 í Keflavík yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á veðskuld samkvæmt 6 veðbréfum, útgefnum 1. júlí 1978. Uppboðsbeiðandi kvað skuld þessa vera samkvæmt 6 veðskuldabréfum, sem öll væru útgefin til handhafa 1. júlí 1978. 5 bréfanna væru að fjárhæð kr. 10.000,00 hvert og 1 að fjárhæð kr. 5.868,80 og öll væru bréfin tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni Háholti 22. Bréfin átti að greiða með gjalddögum 1.9.1981, 1.9.1982, 1.3.1983, 1.9.1984, 1.9.1985 og 1.9.1986. Af skuldinni átti að greiða sömu ársvexti og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir eru á hverjum tíma ákveðnir af Seðlabanka Íslands, og skyldu vextirnir greiddast af öllum bréfunum árlega 1. september ár hvert, í fyrsta skipti 1. september 1981. Uppboðsbeiðandi kvað afborgun og greiðslur vaxta, sem áttu að fara fram 1. september 1981, ekki hafa verið inntar af hendi þrátt fyrir eftirgangsmuni og væru því öll bréfin fallin í gjalddaga samkvæmt ákvæðum í þeim sjálfum.

Uppboðsauglýsing var útgefin 21. desember 1981 og mál þetta þingfest

í uppboðsrétti Keflavíkur 26. febrúar 1982 og því þá frestað til fyrirtektar á reglulegu uppboðsþingi 26. mars 1982. Í því þingi var farið fram á sölu á eigninni, og var ákveðin sala á eigninni 28. apríl 1982, kl. 13.30. Fór fram fyrri sala á eigninni þann dag, og var þá hæstbjóðandi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. v/Sparisjóðsins í Keflavík með kr. 100.000,00. Á uppboðsþingi þessu var farið fram á annað og síðasta uppboð á eigninni, og var ákveðið, að það skyldi fara fram fimmtudaginn 9. júní sl. Með bréfi, dagsettu 9. júní 1982, mótmælti Jón G. Briem hdl. f.h. gerðarpola, Guðjóns Ómars Haukssonar, að uppboð færi fram á eigninni. Var þá ákveðið, að skila skyldi greinargerðum í málinu og gagnaöflun færi fram, og var það tekið fyrir í uppboðsrétti Keflavíkur 15. júní sl., og skilaði þá gerðarpoli greinargerð í málinu. Var málinu síðan frestað til greinargerðar af hálfu gerðarbeiðanda til 28. júní sl., en þá var málinu frestað að beiðni gerðarbeiðanda. Næst var ákveðið þinghald í málinu 18. ágúst sl., en því þá frestað að beiðni gerðarpola. Málið var síðan tekið fyrir 24. þ.m., og var þá lögð fram greinargerð í málinu af hálfu gerðarbeiðanda, og einnig var tekin aðiljaskýrsla af gerðarpola málsins. Að því loknu fór fram munnlegur málflutningur.

Uppboðshaldari hefur ítrekað leitað sátta í málinu án árangurs.

Í réttarhaldi því, er fram fór 24. þ.m., skýrði gerðarpoli, Guðjón Ómar Hauksson, svo frá, að hann hefði ekki fengið tilkynningu um greiðslustað framangreindra veðskuldabréfa, en hins vegar hefði hann hringt í þann aðilja, er hann taldi eiganda bréfanna, þ.e.a.s. Hauk Helgason, og fengið hjá honum þær upplýsingar, að bréfin væru til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Haukur hefði síðan hringt í hann, að hann minnir seinni partinn í október eða í byrjun nóvember, og sagt, að bréfin væru nú hjá honum, þ.e.a.s. Hauki, og hafi hann þá beðið um nokkurra daga frest og fengið hann og Haukur hafi sagt honum að koma á skrifstofu Hauks og greiða þar, en það næsta, sem skeði í málinu, hafi verið það, að mætti (sic) hafi fengið bréf frá Jóni Gunnari Zoëga hdl., þar sem hann var krafinn um greiðslu á öllum bréfunum og þau gjaldfelld. Hann kvaðst ekki löngu eftir að hann fékk bréf þetta hafa farið á skrifstofu Jóns Gunnars Zoëga og boðið fram greiðslu á því, sem hann taldi vera gjaldfallið, en þá verið sagt, að hann yrði að greiða öll bréfin upp.

Í réttarhaldi þessu upplýsti lögmaður gerðarbeiðanda, Jón Ingólfsson hdl., að Haukur Helgason hefði verið eigandi bréfanna og hann hefði tekið þau úr Landsbanka Íslands, þar sem þau voru til innheimtu, upp úr miðjum september 1981 og sagt gerðarpola, að hann gæti liðið honum það að greiða ekki fyrr en um miðjan október. Lögmaðurinn upplýsti jafnframt, að það hefði ekki verið fyrr en í febrúar 1982 sem gerðarpoli hafi boðið fram greiðslu á einu bréfinu og vöxtum hinná bréfanna.

Málsástæður gerðarpóla eru þær, að samkvæmt dómafordæmndi eigi að tilkynna uppboðspóla á sannanlegan hátt, hvar handhafaskuldabréf séu, þegar krafist er greiðslu. Síðan hafi hann 15 daga frest til greiðslu. Gerðarþoli kannast ekki við að hafa fengið neinar slíkar tilkynningar. Verði talið, að einhverjar innheimtuaðgerðir gerðarbeiðanda jafngildi tilkynningu um verustað skuldabréfanna, er því mótmælt, að heimilt sé að gjaldfella þau öll.

Gerðarþoli bendir einnig á, að samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sem gildi um skuldabréf almennt, megi taka fram í skuldabréfum, að öll skuldin sé gjaldkræf, „ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana.“ Þá megi bjóða veðið upp án dóms. Í þeim skuldabréfum, sem hér er fjallað um, sé ekki vísað til þessarar lagagreinar. Hins vegar sé ákvæði í þeim, að sé ekki staðið við „greiðslu afborgana og vaxta,“ sé hún öll í gjalddaga fallin án fyrirvara. Gerðarþoli telur, að sá orðalagsmunur, sem þarna komi fram, þýði í raun, að ekki sé heimilt að gjaldfella skuldabréfin, ef aðeins verði vanskil á greiðslum vaxta. Jafnframt bendir gerðarþoli á, að skuldabréfin eru samín af manni á vegum kröfuhafa, þannig að vafaákvæði beri að túlka honum í óhag.

Gerðarþoli viðurkennir vanskil á afborgun og vöxtum á einu skuldabréfa í máli þessu, þ.e. bréfi nr. 3, en þar sem uppboðsbeiðnin nái til allra skuldabréfanna, verði að mótmæla framgangi uppboðsins í heild.

Málsástæður gerðarbeiðanda eru þær, að gjalddagi á greiðslu á afborgunum og vöxtum á veðskuldabréfunum hafi verið 1. september sl. Þá sé ákvæði í öllum bréfunum um það, að verði vanskil á greiðslum afborgana og vaxta á þeim, þá sé öll skuldin í gjalddaga fallin. Þá sé ljóst, að veðskuldabréfin séu öll útbúin á þann hátt sem veðskuldabréf eru almennt gerð og fullnægi öllum þeim kröfum, sem hægt er að gera til veðskuldabréfa. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að vanskil séu fyrir hendi og gerðarþoli hafi ekkert gert til að bjóða fram greiðslu og sé því ekki með nokkrum rökum hægt að mótmæla gjaldfellingu bréfanna.

Gerðarþoli hefur í þinghaldi viðurkennt að hafa fengið vitneskju um, að bréf þau, er hér um ræðir, væru til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Hann hafi fengið gjaldfrest hjá eiganda bréfanna, og þykir rétt að byggja á því, að sá gjaldfrestur hafi verið veittur til 17. október sl. Allan þennan tíma vissi gerðarþoli, hvar bréfin voru til innheimtu, samkvæmt hans eigin framburði. Leggja verður til grundvallar, að gerðarbeiðanda hafi verið heimilt að gjaldfella bréfin með bréfi sínu, dags. 30. nóvember 1981, þar sem gerðarþoli hafði þá ekki innt af hendi þær greiðslur, sem honum bar, og hafði eigi deponerað fyrir greiðslunni, hvorki fyrir né eftir þann tíma. Verður því fyrri málsástæða gerðarpóla eigi tekin til greina.

Varðandi þá málsástæðu uppboðspóla, að ekki sé vitnað til 39. gr. lög-

ræðislaga nr. 95/1947 í veðbréfum uppboðsbeiðanda, telur rétturinn, að veðsali hafi með undirritun á framangreind veðskuldabréf gengist undir þá skilmála, er framangreind lagagrein fjallar um, og telur engu máli skipta, hvort talað er um „afborganir og vexti“ eða um „afborganir eða vexti.“ Það er því niðurstaða réttarins, að framangreind krafa gerðarbeiðanda um það, að annað og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík nái fram að ganga, er tekin til greina, og skal annað og síðasta uppboð fara fram til lúkningar greiðslu á framangreindum 6 veðskuldabréfum auk vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu ber gerðarpola að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, sem að mati réttarins þykir hæfilegur 4.000,00.

Úrskurð þennan kvað upp Jón Eysteinnsson bæjarfógeti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Annað og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22, Keflavík, eign gerðarpola, Guðjóns Ómars Haukssonar, skal fara fram til lúkningar öllum kröfum gerðarbeiðanda, Jóns Gunnars Zoëga, í máli þessu föstudaginn 8. október 1982 kl. 14.00.

Gerðarpoli, Guðjón Ómar Hauksson, greiði gerðarbeiðanda, Jóni Gunnari Zoëga, kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. janúar 1985.

Nr. 3/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Kristínu Gísladóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1985, sem barst Hæstarétti 11. s.m., og krafðist þess aðallega, að